



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur 10. mars 2008

Ákvörðun nr. 18/2008

Samruni Nýherja hf. og TM Software hf.

I.

Með bréfi frá Logos lögmansþjónustu ehf., dags. 24. janúar 2008, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Nýherja hf. (Nýherji) á 77% hlutafjár í TM Software hf. (TMS). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Bréfinu fylgdi einnig kauptilboð Nýherja í 59% hlut TMS, dags. 9. október 2008, auk ársreikninga Nýherja og TMS fyrir árið 2006 og 2007. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

II.

Í samrunaskránni kemur fram að Nýherji og TMS starfi bæði á upplýsingatæknimarkaði. Nýherji sé fyrirtæki sem bjóði viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði upplýsingatækni, s.s. með þróun hugbúnaðar, útvegun á tölvu- og skrifstofubúnaði, ráðgjöf og tengdri þjónustu. Nýherji sé jafnframt bæði móðurfélag og rekstrarfélag og eigi eða reki fyrirtækin Nýherji A/S Danmörk, Applicon Holding ehf., AppliCon ehf., ApliCon A/S Danmörk, AppliCon Solutions A/S Danmörk, AppliCon Solution Ltd. Bretland, paX ehf., Klak ehf., SimDex ehf., Tölvusmiðjan ehf., Linkur ehf. og Dansupport A/S Danmörk. Um TMS segir að það framleiði og selji hugbúnað og þjónustu honum tengda, annist rekstur upplýsingakerfa og annarrar skyldrar starfsemi. Þá segir að TMS eigi eða reki fyrirtækin Skyggni ehf. upplýsingaþjónustu, TM Software ITP., eMR hugbúnað ehf., Vigor ehf., Theriak Medication Management ehf., TMS Maritech ehf., Origo ehf., Farmcontrol ehf., Origo Gamli ehf., Þjálf ehf. TM Software Inc., TM Software Germany (félaginu verður lokað á næstu vikum), TM Software Europe (félagið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta), Falcon Automatisering B.V. (félagið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta), og TM Software B.V. (félagið hefur verið



tekið til gjaldþrotaskipta). Þá segir í tilkynningunni að markmið Nýherja með kaupunum sé að styrkja og breikka framboð á hugbúnaðarlausnum hjá samstæðunni og þá sérstaklega á sviði hýsingar og samþættingarþjónustu á mismunandi hugbúnaðarlausnum.

III.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Þar sem Nýherji og TMS starfa á sama markaði er ljóst að einhver samlegðaráhrif verða við sameininguna og þá einkum á markaði fyrir tölvurekstrarþjónustu, hýsingu og kerfisleigu og fyrir þróun og sölu hugbúnaðar. Óveruleg samlegðaráhrif verða á markaði fyrir sölu vélbúnaðar þar sem starfsemi TMS er mjög lítil á þeim markaði. Þrátt fyrir þetta er ljóst að sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim mörkuðum sem um ræðir er ekki það há að hún bendi til þess að um markaðsráðandi stöðu verði að ræða. Þá eru auk sameinaðs félags Nýherja og TMS starfandi önnur öflug félög á markaðnum eins og Teymi (sem m.a. rekur EJS ehf. og Kögun) og Opin kerfi. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa að öðru leyti ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Nýherja og TMS á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi dags. 9. október 2007, keypti Nýherji hf. allt hlutfé í TM Software hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson